

Borgarstjórn Reykjavíkur
7. október 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að staðið verði við samkomulag við Víking

Borgarstjórn felur borgarstjóra að gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sín um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings í Stjörnugróf í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. júlí 2008. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar að Stjörnugróf 18 en lóðarleigusamningur vegna hennar rann út í árslok 2016. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþróttar- og æskulýðsmála í Bústaðahverfi, Fossvogi, Háaleiti og Smábúðahverfi.